



Umhverfis- og orkustofnun

Rakel Sæmundsdóttir

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Garðabær, 14.1.2025

Málsnúmer: 202501-0042

IAS

Efni: Dýpkun á Grynnslunum

Vísað er til erindis Umhverfis- og orkustofnunar sem barst þann 14. janúar þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um dýpkun á Grynnslunum.

Hornafjarðarhöfn hyggst láta viðhalds dýpka innsiglingarrennu á Grynnslunum, með því að dæla upp um 250.000 m³ af efni.

Fyrirhuguð framkvæmd er til þess að auðvelda innsiglingu að Hornafjarðarhöfn yfir vetrartímann. Verkið verður unnið með dýpkunarskipi sem verður með stöðuga viðveru á Hornafirði frá 2. janúar 2025 fram í miðjan febrúar 2025. Dýpkunarskipið mun nýta alla veðurglugga sem gefast á tímabilinu en miðað við meðalár er það um 18% af tímanum. Efnið verður losað á losunarstað á hafi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin og tekur undir að þó æskilegt væri að efnið yrði flutt í land og nýtt í stað þess að losa það í hafið þá sé sá kostur ekki raunhæfur þar sem aðstaða sé ekki til staðar.

Helstu umhverfisáhrif verða á losunarstað en þau eru líkleg til að vera óveruleg þar sem rannsóknir benda til að botndýralíf sé fábrotið.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina eins og henni er lýst.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur